



Fundargerð

3. fundur Fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum, miðvikudaginn 14. desember 2022, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Karl Ölvirsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson, Vilberg Skúlason, Valtýr Valtýsson og Jón Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Kostnaður vegna fjallskila og tillaga um álagningu fjallskila 2022 - 2212012

Lagt fram yfirlit yfirlit yfir kostnað við fjallskil árið 2022. Í yfirlitinu kemur fram að fjallskilakostnaður árið 2022 er kr. 4.694.605. Hlutur Ásahrepps (4/7) er kr. 2.682.631 og hlutur Rangárþings ytra (3/7) kr. 2.011.974.

Lögð fram tillaga fjallskiladeildar Holtamannafréttar að álagningu fjallskila vegna ársins 2022, sem byggist á verðbreytingu gjalda frá síðasta ári skv. neysluverðsvísitölu:

Gjald fyrir land verði kr. 15.513

Gjald fyrir rekna kind verði kr. 351

Gjald fyrir ásett fé: kr. 351

Samþykkt samhljóða og óskað eftir staðfestingu sveitarstjórna Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Fjallskiladeild Holtamannafréttar beinir því til sveitarstjórnanna að nauðsynlegt er að reikna út kostnað miðað við fjárlausan afrétt líkt og gert hefur verið fyrir Landmannafrétt og Rangárvallafrétt.

2. Deiliskipulög skálasvæða á Holtamannafrétti - 2212013

Lagðar fram tillögur að deiliskipulögum skálasvæða á Holtamannafrétti. Um er að ræða Hald, Gásagust, Versali og Hvangiljahöll. Verið er að vinna deiliskipulag fyrir Hrauneyjafossvirkjun þar sem Þóristungur verða hluti af.

Fjallskiladeild Holtamannafréttar gerir engar athugasemdir við framlögð drög að deiliskipulögum.

3. Uppgræðsla á Holtamannafrétti - 2212014

Ísleifur Jónasson gerði grein fyrir þeim verkefnum sem lúta að uppgræðslu á Holtamannafrétti sumarið 2022 og hverjar áætlanir eru fyrir næsta ár. Samningurinn við Landsvirkjun vegna mótvægisáðgerða Sporðöldulóns árið 2023 er 24 tonn af tilbúnum áburði og 60 tonn af kjötmjöli.

Samþykkt samhljóða að fela Ísleifi að kanna möguleika á því að skipta yfir í dreifingu kjötmjöls í stað tilbúins áburðar, það sem lýtur að áburðardreifingu sem gerð er vegna styrks úr landbótasjóði.

Fundi slitið kl. 16:00.

Ísleifur Jónsson

Ísleifur Jónsson

Karl Ölvirsson

Karl Ölvirsson

Óskar Ólafsson

Óskar Ólafsson

Sævar Jónsson

Sævar Jónsson

Vilberg Skúfason

Vilberg Skúfason

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson

Jón Valgeirsson

Jón Valgeirsson